

Stofnanasamningur

milli Félags lífeindafræðinga og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja um forsendur röðunar starfa. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi félags lífeindafræðinga annars vegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra lífeindafræðinga Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

3. Röðun starfa í launaflokka

Starfaflokkur	Launaf.
Lífeindafræðingur 1	040
Lífeindafræðingur 2	050
Lífeindafræðingur 3	060
Sérfræðingur	070
Aðstoðardeildarstjóri.....	080
Yfirlífeindafræðingur.....	100


Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1 með samningi þessum. Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

4.1 Viðbótarnám sjá nánar fylgiskjal 2 (hámark 2 flokkar og 1 þrep)

- Námskeið og fagraðstefnur 180 kennslustundir1 þrep
- Diplómanám, 30 ECTS einingar2 þrep
- Diplómanám, 60 ECTS einingar1 flokkur og 1 þrep
- Meistarapróf1 flokkur og 2 þrep
- Doktorspróf2 flokkar og 1 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að tveimur launaflokkum og einu álagsþrepi til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms, sbr. nánar fylgiskjal 2.



4.2 Tryggð

Heimilt er að greiða almennum starfsmönnum allt að tvö þrep fyrir tryggð við stofnunina. Starfsmenn þurfa sjálfir að óska eftir því að fá þrep fyrir tryggð, hún reiknast ekki afturvirk.

- 1 þrep eftir að hafa unnið hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í 7 ár
- 1 þrep eftir að hafa unnið hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í 12 ár

4.3 Vinna án sérfræðings

Heimilt er að greiða 1 fl. ef engin rannsóknarlæknir er á staðnum.

4.4 Álag

Heimilt er að greiða allt að 2 þrep vegna álags, að fengnu leyfi yfirmanns.

4.5 Vinna utan starfstöðvar

Heimilt er að greiða 1 þrep vegna vinnu utan starfstöðvar í Reykjanesbæ.

4.6 Samskipti og stjórnun

Heimilt er að greiða stjórnendum allt að 2 þrep fyrir sérstök verkefni eins og samskipti við rannsóknarstofur annarra stofnana, gerð verklagsreglna og gæðahandbókar o.fl. í þeim dúr, að fengnu leyfi yfirmanns.

4.7 Gæsluvaktir

Ef starfsmaður sem gengur reglulegar gæsluvaktir tekur vaktir sem nemur meira en 1200 stundum á almanaksári þá gildir eftirfarandi: Fyrir hverjar 120 klst. á gæsluvakt umfram 1200 stundir fæst einn frídagur.

5. Réttur til endurmats á röðun



Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ef upp koma ágreiningsmál skal þeim skotið til samstarfsnefndar sbr. 11. kafla í miðlægum kjarasamningi.

6. Gildistaka





Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi gildir frá og með 1. september, 2013.

Reykjanesbær, 14. maí, 2014.

Fh. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja

Fh. Félags lífeindafræðinga

Fylgiskjal 1

Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verkvið, sbr. 2. gr. hér að framan

Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr

Lífeindafræðingur 1: Lífeindafræðingur sem er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður. Hann sinnir bakvaktaskyldu.

Lífeindafræðingur 2: Lífeindafræðingur sem starfar sjálfstætt án beinnar tilsagnar og tekur þátt í þróun starfs á sinni einingu. Metur árgangur starfsins eða þeirrar meðferðar sem hann veitir. Vinnur að gæðastarfi. Tekur þátt í að leiðbeina samstarfsfólki og nemendum. Hann sinnir bakvaktaskyldu.


Lífeindafræðingur 3: Lífeindafræðingur sem stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Vinnur að gæðastarfi. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda. Hann sinnir bakvaktaskyldu.

Sérfræðingur: Lífeindafræðingur sem unnið hefur minnst 10 ár sem lífeindafræðingur og hefur öðlast séraka viðurkennda færni sem að mati yfirmanns nýtist í starfi og /eða námskeið að lágmarki 40 einingar eða viðbótarmenntun (diplóma nám) sem gerir hann færán um að sinna sérsökum tilteknum verefnum, stýra þeim, sem og vinnu annarra. Vinnur að gæðastarfi. Hann sinnir bakvaktaskyldu.

Aðstoðardeildarstjóri: Lífeindafræðingur sem skipuleggur kennslu nemenda og leiðbeinir starfsfólki og nemum. Er fulltrúi stofnunar í stjórnnum, nefndum og ráðum sem vinna að málefnum skjólstæðinga og stofnunarinnar. Er staðgengill yfirmanns að staðaldri og ber ásamt honum ábyrgð á verkefnum er lúta að skipulagi og stjórnun deildar/einingar í samvinnu við deildarstjóra. Tekur virkan þátt í þróun skipulags og stjórnun deildar/einingar. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglega úrlausn mála og vinnur að gæðastarfi. Hann sinnir bakvaktaskyldu.

Yfirlífeindafræðingur/Deildarstjóri:

Yfirlífeindafræðingur/deildarstjóri ber faglega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri deildar sinnar. Staða yfirlífeindafræðings felst í stjórnun, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunarinnar. Hann ber ábyrgð á faglegri framþróun, vinnuskipulagi og daglegum



rekstri. Hann metur fræðsluþörf samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Hann sér um starfsmat. Hann ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart næsta yfirmanni. Hann setur gæðastaðla fyrir fagið sem birtast skulu í rafrænni gæðahandbók og setur verkferla þar sem við á. Þróar starfið og innleiðir nýjungar og er talsmaður fagsins út á við. Veitir framkvæmdastjórn ráðgjöf og upplýsingar. Gerir tillögur til framkvæmdastjórnar varðandi búnað og tækjakaup og einnig varðandi viðhalds- og endurmenntun innan fagsins. Yfirlífeindafræðingur vinnur auk þess að stefnumótun og framtíðarsýn Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ásamt starfsmönnum fagsins og stuðlar að virkri eftirfylgni. Gerir tillögur til framkvæmdastjórnar um áhersluatriði í þjónustu á hinum einstökum starfsstöðvum. Þá tekur starfsmaður þátt í rannsóknum og er ráðgefandi um rannsóknir/faglega úrlausn mála. Hann sinnir bakvaktaskyldu.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including the letters "R", "SA", and "5th".

Fylgiskjal 2

Vinnureglur samstarfsnefndar varðandi mat á sí-og endurmenntun


Viðbótarnám/-menntun –

- **Námskeið og fagráðstefnur** – fyrir 180 kennslustundir fæst 1 þrep.
- **Viðbótarmenntun/Diplómapróf**– Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum(1), á síðustu fimm árum eða styttri tíma, hækkar um einn flokk og eitt álagsþrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi. Hafi starfsmaður verið búin að ávinna sér hækkun vegna námskeiða og fagráðstefna, þá hækkar hann um eitt álagsþrep.
- **Viðbótarmenntun/Diplómapróf**–Starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum(1), á síðustu fimm árum eða styttri tíma, hækkar tvö álagsþrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi. Hafi starfsmaður verið búin að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms, þá fellur niður eitt þrep en við bætist einn launaflokkur.
- **Meistarapróf** – Starfsmaður með meistarapróf eða annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækki sem nemur einum launaflokki og tveimur álagsþrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Launahækkun vegna viðbótarmenntunar kemur ekki til viðbótar við launaflokka vegna meistaraprófs. Hafi starfsmaður verið búin að ávinna sér hækkun vegna viðbótarnáms þá hækkar hann um eitt álagsþrep.
- **Doktorspróf** – Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur tveimur flokkum og einu álagsþrepi ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir. Hafi starfsmaður verið búinn að fá hækkun vegna mastersprófs fellur niður eitt þrep en við bætist einn launaflokkur við það að ljúka doktorsprófi.

Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til starfsmannastjóra:

- A. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
 - B. Ljósrit af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
 - C. Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
 - D. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
 - E. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.
1. Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfelt, en þó aldrei fleiri eininga en sem nemur tveimur einingum á viku, og lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir eða 2/3 ECTS ein.



RSA